



Samkomulag

Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og
Landspítala um sérnám í heimilislækningum



Samkomulag

Próunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) og Landspítala (LSH)
um sérnám í heimilislækningum

1. grein

Samstarf aðila

Samkomulag þetta varðar formlegt samstarf milli Próunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) og Landspítala (LSH) vegna menntunar lækna í sérnámi í heimilislækningum, hér eftir nefndir sérnámslæknar.

Með samkomulagi þessu skuldbindur LSH sig til að ráða sérnámslækna til starfa á deildir spítalans samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi (blokkakerfi) sem LSH og ÞÍH koma sér saman um og samþykkt er árlega af báðum aðilum. Á móti skuldbindur ÞÍH sig til að tryggja LSH samfellda mönnun í þær stöður sem teknar hafa verið frá vegna samkomulags þessa.

Fulltrúar ÞÍH og LSH skulu halda samráðsfund fyrir 1. apríl ár hvert. Framkvæmd þessa fundar er á ábyrgð kennslustjóra sérnámslækna í heimilislækningum og yfirlæknis sérnáms á Landspítala. Á þeim fundi skulu tillögur um fjölda námsstaða, sem óskað er eftir á LSH skoðaðar og ákvörðun um fjölda námsstaða tekin sbr. *Viðauka 1 (Samkomulag um sérnámsstöður á Landspítala)*. Skrifstofustjóri sérnáms fær upplýsingar um blokkir sérnámslækna í heimilislækningum frá kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum og mannauðsteymi sérnáms sér um að gerðir séu ráðningarsamningar fyrir LSH samkvæmt niðurröðun í sérnámsblokk. Framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala og yfirlæknir sérnáms skrifa undir ráðningarsamningana fyrir hönd LSH (sendir rafrænt með Signet).

Umsjón með framkvæmd samkomulagsins er í höndum kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum, skrifstofustjóra sérnáms og kennslustjóra á viðkomandi sviðum spítalans, fyrir hönd framkvæmdastjóra lækninga á LSH og ÞÍH. Leitast skal við að tryggja mönnun í þær stöður sem gert er ráð fyrir hverju sinni. Kennslustjóri sérnámslækna í heimilislækningum sendir upplýsingar á skrifstofu sérnáms ef breytingar verða á niðurröðun í blokk hjá sérnámslæknum sem viðkemur LSH. Ef upp koma ófyrirsjáanlegar kringumstæður, þá skal kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum hafa samráð við skrifstofu sérnáms á LSH og kennslustjóra á viðkomandi sviðum/deildum LSH.

2. grein

Grundvöllur sérnáms í heimilislækningum innan LSH

Sérnám í heimilislækningum miðast við gildandi reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa og marklýsingu fyrir sérnám í heimilislækningum, sem gefin var út af Félagi íslenskra heimilislækna og



samþykkt af mats- og hæfisnefnd. Störf sérnámslækna í heimilislækningum innan LSH fara fram á viðeigandi deildum sem hlotið hafa til þess samþykki af mats- og hæfisnefndar.

Sérnámslæknar skulu sinna sömu störfum og almennir læknar og aðrir sérnámslæknar viðkomandi sviða innan LSH, í samræmi við gildandi starfslýsingu sérnámslækna innan LSH og gildandi verklag innan hversrar einingar. Enn fremur gengur sérnámslæknir vaktir innan LSH samkvæmt vinnuskipulagi á viðkomandi einingu hverju sinni.

3. grein

Framkvæmd sérnáms í heimilislækningum innan LSH

A: Marklýsing: Sérnám í heimilislækningum innan LSH fer fram samkvæmt samþykktri marklýsingu í heimilislækningum. Námið tekur í heild sinni 5 ár og fer að öðru leyti fram innan heilsugæslunnar. Sérnámslæknir, með stuðningi sérnámshandleiðara/mentors, ber ábyrgð á að námið innan LSH nýtist til að uppfylla viðeigandi hæfnikröfur marklýsingarinnar.

B: Matskerfi: Sérnámslæknar í heimilislækningum skulu styðjast við og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í marklýsingu sérnáms í heimilislækningum varðandi starfstengt mat og skráningu. Hver eining innan LSH skilgreinir, í samvinnu við kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum, lágmarksfjölda matsaðferða eins og nánar er skýrt í eftirtöldum viðaukum með samkomulagi þessu:

Viðauki 2: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á fæðinga- og kvensjúkdómadeild Landspítala.

Viðauki 3: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í barnalækningum á Landspítala.

Viðauki 4: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í bráðalækningum á Landspítala.

Viðauki 5: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í geðlækningum á Landspítala.

Viðauki 6: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í lyflækningum Landspítala.

Viðauki 7: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í öldrunarlækningum á Landspítala.

C: Handleiðslukerfi: Mentor sérnámslækna úr heimilislæknaþrógramminu er sérnámshandleiðari hans á meðan hann starfar við LSH. Mikilvægt er að mentor taki þátt í markmiðssetningu fyrir veruna á hverjum námsstað. Á hverri einingu skal sérnámslæknir hafa klínískan handleiðara frá því sviði sem starfað er á. Kennslustjóri úr sérnámi í heimilislækningum tryggir að mentorar hafi lokið viðeigandi þjálfun. LSH tryggir að klínískir handleiðarar sérnámslækna hafi hlotið viðeigandi þjálfun í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í framhaldsnámi annarra greina á LSH. Ef þörf krefur, er gert ráð fyrir að haldnir séu sameiginlegir fundir/fjarfundir mentors, klíníks handleiðara/kennslustjóra og sérnámslækna við upphaf og jafnvel lok starfstíma innan hvers sviðs þar sem markmið, mat á framgangi og árangur eru metin. Sérgreinar geta fyllt út lokaskjal og sent til kennslustjóra í heimilislækningum.

Sjá nánar: *Viðauki 8: Lokaumsögn um sérnámslækni í heimilislækningum á Landspítala.*



D: Árlegt mat á framgangi: Framgangur sérnámslæknis er staðfestur af kennslustjóra í heimilislækningum á hverju starfsári innan LSH samkvæmt verklagi fyrir sérnám í heimilislækningum á Íslandi. Ef viðbótartíma er þörf á ákveðinni starfseiningu innan LSH er það samkomulagsatriði milli kennslustjóra sérnámslækna í heimilislækningum og kennslustjóra á viðkomandi starfseiningu. Þessir aðilar koma sér saman um hvernig málum sé best fyrir komið miðað við þau atriði sem upp á vantaði hjá sérnámslækninum. Ef einhverjar sérstakar þarfir, sem taka þarf tillit til við skipulag námsvistar sérnámslæknis, koma fram í árlegu stöðumati er mælt til þess að slíkar upplýsingar berist til kennslustjóra í heimilislækningum og kennslustjóra á næstu starfsstöð.

E: Kennsla: Sérnámslæknar skulu sinna sömu störfum og almennir læknar og aðrir sérnámslæknar viðkomandi sviða innan LSH og að jafnaði taka þátt í og njóta sömu kennslu og þjálfunar við dagleg störf. Sérnámslæknir í 90% starfi á LSH skal sækja kennslu í heilsugæslu/sérnámi, einu sinni í viku fjóra tíma í senn, meðan hann starfar á LSH. Mætingarskylda er í þessa kennslu enda telst hún til vinnuskyldu í því 10% starfshlutfalli sem greitt er af heilsugæslu (sjá 4. grein). Sérnámslæknirinn skal sækja kennslu sem í boði er á viðkomandi sviði/sérgrein á LSH í samráði við yfirmann á LSH.

4. grein

Ráðningarsamningur, starfshlutfall og nám utan stofnunar

Heilsugæslan auglýsir ár hvert lausar stöður sérnámslækna í heimilislækningum. Að undangengnu ráðningarferli er gerður ráðningarsamningur. LSH gerir ráðningarsamning við sérnámslækni sem nær yfir það tímabil sem viðkomandi starfar þar.

Þegar sérnámslæknir hefur störf á LSH fer hann í launalaust leyfi frá heilsugæslunni að hluta, þ.e. 90% og er á þeim tíma ráðinn í 90% starfshlutfall á LSH.

Gengið skal úr skugga um að að sérnámslæknir sé með gilt ALS (Advance Life Support) skírteini við störf á LSH.

LSH og PÍH gera það skilyrði við ráðningar í sérnámsstöðu að sérnámslæknir hafi lokið sérnámsgrunni eða sambærulegu starfsnámi áður en sérnám hefst.

Sérnámslækni ber að sækja fræðslu og námskeið sem skipulögð eru af kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum. Yfirlit yfir nám utan stofnunar á vegum sérnámsins (dagskrá sérnáms) skal liggja fyrir í lok máí ár hvert og sent skrifstofustjóra sérnáms LSH til upplýsinga.

Sérnámslæknir sækir um fjarveru frá vinnu vegna námsleyfa, eftir því sem við á, til þess yfirlæknis sem hann er starfandi hjá á þeim tíma sem námskeiðið verður haldið. Um ávinnslu, úttekt og uppgjör orlofs fer skv kjarasamningi LÍ og ríkisins en sérnámslæknar skulu kynna sér fyrirkomulag orlofsóska og orlofsúttekta hvernar deildar með ríflegum fyrirvara.



5. grein

Kjör sérnámslæknis

Um laun sérnámslækna og önnur réttindi fer samkvæmt gildandi kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Um launaröðun fer eftir launasetningu LSH um sérnámslækna. Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 gilda á meðan á ráðningarsambandi sérnámslæknis og LSH stendur.

Heilsugæslan greiðir ferðakostnað og námskeiðsgjöld vegna námsferða samkvæmt 8. kafla kjarasamnings en fjarvistir því samfara eru leystar innan þeirrar stofnunar sem sérnámslæknir starfar á þegar ferðin er farin. Fjarvistir sérnámslæknis vegna samþykkrtra námsferða skal skrá sem fjarvist í Vinnustund undir valmöguleikanum „Námsleyfi erlendis samþykkt af yfirmanni, formlegt nám og faglegar ráðstefnur“. Áunna staðarvaktufrístíma er mælt til að sérnámslæknir taki út á því sviði sem réttindin eru áunnin. Óúttekin réttindi eru greidd út samkvæmt kjarasamningi L.Í. Áunnið orlof sérnámslæknis greiðist út við lok ráðningartíma á hvorri stofnun en er að öðru leiti flutt milli opinberra vinnuveitanda. Mikilvægt er að óskum um orlof sé skilað til viðeigandi yfirlæknis með að minnsta kosti 12 vikna fyrirvara og orlof sé veitt í samræmi við skipulag hvernar deildar.

6. grein

Lög, lögsaga, vanefndir og ágreiningsmál

Samkomulag þetta fer eftir íslenskum lögum.

Aðilar skulu í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samkomulags þessa. Nú telur annar aðili samkomulagsins að hinn hafi verulega vanefnt skyldur sínar eða samkomulagið að öðru leyti og skal hann þá beina skriflegri athugasemd til hins aðilans um þá vanefnd og gefa honum 6 mánaða frest til að bæta úr því sem hann telur að farið hafi aflaga. Hafi ekki verið bætt úr innan þess frests er honum heimilt að rifta samkomulagi þessu án frekari fyrirvara.

Verði samkomulagi þessu rift skal engu að síður greiða fyrir þá vinnu sem innt hefur verið af hendi fram til þess tíma, svo fremi sem ekki er ágreiningur um endurgjaldið.

Rísi ágreiningur um efni eða framkvæmt samkomulags þessa skulu aðilar leggja sig fram um að jafna þann ágreining sem upp er kominn. Náist ekki samkomulag getur hvor aðili um sig lagt ágreininginn fyrir héraðsdóm Reykjavíkur til úrlausnar.



7. grein

Gildistími, uppsögn, undirritun og eintök samnings

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til 31. ágúst 2027 nema því sé rift eða sagt upp. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst móttakanda. Uppsagnarfrestur er sex mánuðir.

Falli samkomulag þetta úr gildi af einhverjum ástæðum hefur það ekki áhrif á gildistíma þeirra sérnáms samninga sem þá hafa þegar verið gerðir.

Samkomulag þetta er undirritað rafrænt og heldur hvor aðili rafrænu eintaki.

Reykjavík, 16. janúar 2024

Runólfur Pálsson (rafræn undirskrift)
forstjóri Landspítala

Emil L. Sigurðsson (rafræn undirskrift)
forstöðumaður Próunarmiðstöðvar
Íslenskar heilsugæslu

Fylgiskjöl:

Viðauki 1: Samkomulag um sérnámsstöður á Landspítala

Viðauki 2: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á fæðinga- og kvensjúkdómadeild Landspítala.

Viðauki 3: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í barnalækningum á Landspítala.

Viðauki 4: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í bráðalækningum á Landspítala.

Viðauki 5: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í geðlækningum á Landspítala.

Viðauki 6: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í lyflækningum Landspítala.

Viðauki 7: Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum í öldrunarlækningum á Landspítala

Viðauki 8: Lokaumsögn um sérnámslækni í heimilislækningum á Landspítala.



Viðauki 1

Viðauki um samkomulag Landspítala (LSH) og Próunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) um sérnámsstöður á Landspítala

Samráð skal vera á milli LSH og ÞÍH um fjölda sérnámslækna hverju sinni. Haldnir skulu fundir með yfirlækni sérnáms og kennslustjóra ÞÍH þar sem tekin er ákvörðun um fjölda sérnámslækna í heimilislækningum sem áætlað er að komi árlega. Samráðsfundir skulu að lágmarki haldnir tvisvar á ári. Breytingar sem verða á milli samráðsfunda þarf að tilkynna sérstaklega og samþykka af skrifstofu sérnáms á LSH.

Sérnámslæknar í heimilislækningum starfa á eftirtöldum deildum í námsvist sinni og skal tekin ákvörðun um fjölda þeirra í samræmi við ofangreint.

Almennar lyflækningar

Barnalækningar

Bráðalækningar

Geðlækningar

Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar

Öldrunarlækningar

Auk ofangreindra sérgreina geta sérnámslæknar starfað á öðrum deildum að ósk kennslustjóra svo sem:

Augndeild

Barna- og unglingsgeðdeild

Bæklunarskurðdeild

Endurhæfingardeild Landspítala

Háls- nef og eyrnadeild Landspítalans

Húð- og kynsjúkdómadeild

Viðauki 2.

Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á Kvennadeild Landspítala

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa ekki skemur en þrjá mánuði á kvennadeild. Að jafnaði fer starfsnámstíma sérnámslækna í heimilislækningum fram á fæðingardeildum í 1-2 mánuði og á kvensjúkdómadeildum í 1-2 mánuði. Sérnámslæknar ganga vaktir virkar daga frá kl. 16-20:30 og um helgar frá kl. 9-14. Á vöktum eru enn fremur aðrir sérnámslæknar/sérnámsgrunnslæknar. Sérfræðingur er til staðar í húsi með bundna vakt og annars sérfræðingur á bakvakt.
2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á kvennadeild en að jafnaði eru 2 sérfræðingar kvennadeildar (Sigrún Perla Böðvarsdóttir og Sandra Halldórsdóttir) sérstakir handleiðarar sérnámslækna í heimilislækningum á meðan á starfsnámi á kvennadeild stendur. Ef þörf krefur er mentor úr heilsugæslunni boðið á fund/símafund með sérnámslækni og/eða klíniskum handleiðara kvennadeildar, við upphaf námsdvalar, til að ræða aðlögun og setja sameiginleg markmið. Sérnámslæknir fundar með klíniskum handleiðara sínum um miðbik námsdvalar til að ræða framgang og í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat.
3. Kennslustjóri kvennadeildar ásamt klíniskum handleiðari ber ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í starfsnámstíma (í samvinnu við yfirlækni og mentor viðkomandi sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar er umsögn klínisks handleiðara og námsmat sent til kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum.
4. Námsmat á kvennadeild fer fram með þremur aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing, greiningu og meðferð.
 - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling undir beinu eftirliti sérfræðings.
5. Á þriggja mánaða starfsnámstíma á kvennadeild þurfa sérnámslæknar að skila námsmati CbD eða Mini-CEX skv. ofangreindum aðferðum á eftirfarandi vandamálum:
 - a. Snemmpungun, blæðing
 - b. Snemmpungun, kviðverkir
 - c. Þungun, hótandi fyrirburafæðing
 - d. Þungun, ógleði
 - e. Þungun, meðgöngueitrun



f. Þungun , blóðtappi

6. Í starfsnámstíma er gert ráð fyrir 8 örfyrirlesturum/samræðum (20-30 mín) um eftirfarandi efni:
- a. Getnaðarvarnir
 - b. Hormónameðferð við tíðarhvörf
 - c. Blæðingatruflanir
 - d. Þvagleka
 - e. Blöðru- og legsig
 - f. Ófrjósemi, IVF
 - g. Legslímuflakk
 - h. Útferð og sýkingar

Sérnámslæknar verða sjálfir að finna sameiginlegan tíma með viðeigandi sérfræðingi.

Viðauki 3

Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á barnaspítala hringsins, Landspítala

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa ekki skemur en 3 mánuði á Barnaspítala Hringins, mest á bráðamóttöku barna og legu- og dagdeildum en einnig í fyrirburaeftirliti og á vökudeild. Sérnámslæknar taka þátt í tilfellafundum, fræðslufundum og endurlifgunaræfingum samkvæmt skipulagi sem og vöktum. Vaktafyrirkomulag: 15-20 lengjur (vakt 16-24) og 2 helgar (lau+sun, 9-18) á 3 mán tímabili.
2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á Barnaspítalanum. Ef þörf krefur er mentor úr heilsugæslunni boðið á fund/símafund með klíniskum handleiðara Barnaspítalans og/eða sérnámslækni í upphafi námsdvalar til að ræða aðlögun og setja sameiginleg markmið. Einnig fundar sérnámslæknir með klíniskum handleiðara um miðbik námsdvalar til að ræða framgang og í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat.
3. Kennslustjóri Barnaspítalans ásamt klíniskum handleiðara ber ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í starfsnámstíma (í samvinnu við yfirlækna Barnaspítalans og mentor viðkomandi sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar er umsögn og námsmat sent til kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum.
4. Námsmat á Barnaspítalans fer fram með þremur aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing, greiningu og meðferð.
 - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling undir beinu eftirliti sérfræðings.
 - c. Eftirlit með inngripi – Directly Observed Procedural Skills (DOPS). Sérnámslæknir framkvæmir inngrip undir beinni handleiðslu sérfræðings.
5. Í þriggja mánaða starfsnámstíma á Barnaspítalanum bera sérnámslæknar ábyrgð á og skila námsmati CbD eða Mini-CEX eða DOPS samkv. ofangreindum aðferðum á eftirfarandi vandamálum/inngripum:
 - a. Proskamati ungbarna
 - b. Hiti og óvæð
 - c. Alvarlegar sýkingar eins og t.d. lungnabólga, þvagfærasýking, blóðsýking
 - d. Einkenni frá meltingarfærum eins og t.d. kviðverkir, hægðatregða, niðurgangur
 - e. Einkenni frá hjarta svo sem hjartaóhljóð eða hjartagalli
 - f. Einkenni frá öndunarfærum eins og t.d. astmi eða stridor
 - g. Meðferð við krömpum



- h. Endurlífgun á börnum / þátttaka í endurlífgunarnámskeiði Barnaspítalans
- i. Uppsetning æðaleggs
- j. Ísetning naflabláæðaleggs

Viðauki 4

Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á Bráðadeild Landspítala

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa ekki skemur en fjóra mánuði í bráðalækningum. Fyrir sérnámslækna sem áhuga hafa og/eða stefna á að starfa á landsbyggðinni er í boði allt að 8 mánaða starfsnámstími í bráðalækningum.
Sérnámslæknir tekur þátt í vöktum á virkum dögum og um helgar: 8-16, 15-00, 12-20 og 22-08
2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á bráðadeild. Í upphafi námsdvalar skulu sérnámslæknir og klíniskur handleiðari á bráðadeild funda til að ræða aðlögun og sameiginleg markmið. Ef þörf krefur er mentor úr heilsugæslunni einnig boðið á upphafsfund/símafund með sérnámslækni og/eða klíniskum handleiðara bráðadeildar. Einnig fundar sérnámslæknir með klíniskum handleiðara sínum um miðbik námsdvalar til að ræða framgang og í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat
3. Kennslustjóri bráðadeildar ásamt klíniskum handleiðara bera ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í námsdvöl (í samvinnu við yfirlækni bráðadeildar og mentor viðkomandi sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar er umsögn og námsmat sent til kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum.
4. Námsmat á bráðadeild fer fram með þremur aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing (eða reyndan sérnámslækna í bráðalækningum), greiningu og meðferð.
 - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling undir beinu eftirliti sérfræðings (eða reynds sérnámslæknis í bráðalækningum).
 - c. Eftirlit með inngrípi – Directly Observed Procedural Skills (DOPS). Sérnámslæknir framkvæmir inngríp undir beinni handleiðslu sérfræðings (eða reynds sérnámslæknis í bráðalækningum).

Athugið að Mini-CEX og DOPS getur farið fram í hermikennslu og einnig fara fram æfingar og kennsla í hermisetri í ýmis konar öndunaraðstoð ásamt fleiru (samkvæmt lista á bráðadeild)

5. Í fjögurra mánaða starfsnámstíma í bráðalækningum þurfa sérnámslæknar að skila námsmati CbD eða Mini-CEX skv. ofangreindum aðferðum á eftirfarandi vandamálum:
 - a. Bráðaofnæmi
 - b. Móttaka slasaðra og áverkaskoðun – MiniCex



- c. Sýklasótt
- d. Meðvitundarskerðing
- e. Yfirlið
- f. Öndunarbílun
- g. Brjóstverkur
- h. Höfuðáverki
- i. Lyfjæitrun

Þá skal skila DOPS um eftirfarandi inngrip:

- j. Hreinsun sára og að sauma
 - k. Réttning liðhlaups eða beinbrots
 - l. Grunnatriði öndunarvegameðferðar og slævingar
 - m. Áverkaómun (E-FAST) og einföld hjartaómun
 - n. Uppsetning æðaleggjar
6. Í átta mánaða starfsnámstíma í bráðalækningum þarf námslæknir að skila námsmati Cbd eða Mini-Cex í eftirfarandi atriðum til viðbótar því sem lokið var í fjögurra mánaða starfsnámstíma:
- a. Móttöku slasaðra og áverkaskoðun – Mini-Cex
 - b. Uppköst, niðurgangur og þurrkur
 - c. Flog-meðferð flogafárs og uppvinnsla vegna fyrsta flogakasts
 - d. Höfuðverkur
 - e. Kviðverkur
 - f. Meltingarblæðingar
 - g. Augnáverkar

Þá skal skila DOPS um eftirfarandi inngrip:

- a. Slævingu
- b. Rafvendingu
- c. Mænustungu
- d. Liðástungu
- e. Áverkaómun
- f. Ómun af ósæð
- g. Hjartaómun til að meta vökva a í gollurshúsi og samdráttargetu vinstri slegils
- h. Ómstyrða uppsetningu æðaleggjar
- i. Einfalda ómskoðun gallblöðru
- j. Tveggja punkta ómun m.t.t. DVT í fótleggjum

Viðauki 5

Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á Geðsviði Landspítala

Viðauki við samkomulag ÞÍH, HH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa ekki skemur en fjóra mánuði í geðþjónustunni. Að jafnaði starfa sérnámslæknar í heimilislækningum á bráðamóttöku (BMT), göngudeildum og fíknideildum geðþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að sérnámslæknar í heimilislækningum gangi vaktir með svipaða vaktabyrði og aðrir læknar með almennt lækningaleyfi sem starfa innan geðþjónustunnar. Vaktirnar eru Hringbrautar-, og Fossvogsvakt. Á virkum dögum er bundin vakt á Hringbraut kl. 16-08 og um helgar kl. 9-21 og kl. 21-9. Á virkum dögum er bundin vakt kl. 16-20 á Hringbraut og bakvakt fyrir Fossvog kl.20-00. Um helgar er bakvakt í Fossvogi kl. 9-13, bundin vakt kl. 13-17 á Hringbraut og bakvakt fyrir Fossvog kl. 17-00.
2. Ræða skal við yfirlækni BMT um staðarvaktافرí, hvort það henti betur að taka það út jafnóðum eða í lokamánuði starfstíma.
3. Sérnámslæknir fær úthlutað klínískum handleiðara á geðdeild sem er sérfræðingur BMT sem er helsti starfsvettvangurinn sbr. 1. Í einhverjum tilfellum verður klínískur handleiðari af annarri deild ef sérnámslæknar frá heilsugæslu eru fleiri en þrír
 - a. Í upphafi námsdvalar er gert ráð fyrir að sérnámslæknir og klínískur handleiðari fundi til að ræða aðlögun og setja sameiginleg markmið um námstímann. Mentor sérnámslæknis úr heilsugæslu er boðið að sækja upphafsfund eða vera í símasambandi hluta slíks fundar ef þörf krefur
 - b. Um miðbik námsdvalar fundar sérnámslæknir með klínískum handleiðara 1-2x til að ræða framgang
 - c. Í lok námsdvalar er fundur til að ræða umsögn og námsmat. Mentor sérnámslæknis úr heilsugæslunni er boðið að sækja slíkan lokafund með sérnámslækni og klínískum handleiðara eða vera í símasambandi hluta slíks fundar.
4. Klínískur handleiðari ber ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma á starfsnámstímanum (í samvinnu við kennslustjóra í heimilislækningum og geðlækningum auk mentor viðkomandi sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar er umsögn og námsmat sent til mentors og kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum.
5. Námsmat á geðdeild fer fram með eftirfarandi aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based review (CBR). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing, greiningu og meðferð. Stuðst er við þar til gerð eyðublað.



- b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu eða gerir geðskoðun sjúklings undir beinu eftirliti sérfræðins. Stuðst er við þar til gerð eyðublöð.
6. Í fjögurra mánaða starfsnáms tíma á geðdeild þurfa sérnámslæknar að skila námsmati CbD eða Mini-CEX á eftirfarandi geðraskanir og þá einnig taka tillit til þess hvernig óhjálflegir persónuleikabættir/persónuleikaraskanir/líkamleg einkenni eða sjúkdómar og átraskanir eða fíknivandi hefur áhrif á aðalgreininguna:
 - a. Þunglyndi
 - b. Kvíðaraskanir
 - c. Fíknisjúkdómur
 - d. Geðrofseinkenni og geðrofssjúkdómar
7. Í starfsnáms tíma er gert ráð fyrir sérstökum fundum sérfræðinga með sérnámslæknum í heimilislækningum um eftirfarandi efni:
 - a. Mat á sjálfsvígshættu/sjálfsvíg á Íslandi
 - b. Virkni, aukaverkanir þunglyndislyfja
 - c. Fíknivandi/+sjúkdómar, þ.m.t. leiðir til niðurtröppunar bensólyfja og vanabindandi verkjalyfja
 - d. ADHD meðferð
 - e. Þjónustuleiðir í geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi

Viðauki 6

Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á lyflækningadeildum Landspítala

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa ekki skemur en fjóra mánuði á lyflækningadeildum. Gert er ráð fyrir að sérnám fari að megin hluta fram á göngudeildum þ.e. göngudeild innkirtla og bráðadagdeild eða öðrum göngudeildum.

Sérnámslæknar úr heimilislækningum taka vaktir á við aðra SNL í lyflækningum. Almennt taka allir 1 vaktaviku á 4-6 vikna fresti sem þýðir að komi SNL í 1 mánuði tekur viðkomandi 1 vaktaviku og þeir sem koma í 4 mánuði taka 3 vaktavikur á tímabilinu. Vaktarúllurnar eru sérstaklega valdar til að stuðningur sé viðeigandi. Reiknað er með að SNL taki þátt í að manna vaktir sem losna vegna ófyrirséðra forfalla á tímabilinu á við aðra námslækna.

Dæmi um vaktir:

- F-Húsvakt um helgar, 8:30 -16:30
 - F-Húsvkat kvöld og helgar 15:30-00
 - F-Diskó næturvakt 20-04
 - H-húsvakt um helgar 8:30 – 20:30
 - H-næturvakt 23:30-08:30 á virkum dögum, 20:30-8:45 um helgar
 - H-kvöldvakt 15:30-00
2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á göngudeild og á bráðalyflækningadeild. Um það bil 4-5 mánuðum fyrir komu fær sérnámslæknir bréf frá yfirlækni/kennslustjóra um fyrirkomulag skemagerðar og þá skilar sérnámslæknir inn óskum um leyfi/orlof á tímabilinu. 2 mánuðum fyrir námsdvöl er mikilvægt að sérnámslæknir kynni sér upplýsingar á heimasíðu LSH um fyrirkomulag námsdvalar og fái fund/símafund með umsjónalækni á lyflækningasviði og/eða kennslustjóra til að ræða aðlögun, vaktir og setja sameiginleg markmið. Ef þörf krefur er mentor úr heilsugæslunni boðið á fund/símafund með sérnámslækni og kennslustjóra í upphafi og/eða lok námsdvalar. Sérnámslæknir fundar með kennslustjóra lyflækningadeilda í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat.
 3. Kennslustjóri lyflækningadeildar ásamt klíniskum handleiðara ber ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í starfsnámstíma (í samvinnu við viðkomandi yfirlækni og mentor sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar er umsögn og námsmat sent til kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum.
 4. Á heimasíðu fyrir framhaldsnám í almennum lyflækningum er flipi sem kallast “Heimilislækningar”. Þar er að finna gátlista og mismunandi matsblöð sem sérnámslæknar



eiga að safna saman og hlaða að loknu námsmati í rafræna sérnámsmöppu sína í Heilsugæslunni.

5. Námsmat á lyflækningadeild fer að mestu fram með eftirfarandi aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing, greiningu og meðferð.
 - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling eða stjórnar teymis- eða fjölskyldufundi undir beinu eftirliti sérfræðings.
 - c. Eftirlit með inngripi – Directly Observed Procedural Skills (DOPS). Sérnámslæknir framkvæmir inngríp undir beinni handleiðslu sérfræðings.
 - d. Umsagnablöðum frá sérfræðilæknum (MCR=Multiple Consultant Report eða matsblað fyrir lækna í sérnámi í heimilislækningum – sjúkrahús).
 - e. Með þverfaglegu mati (MSF=Multi source feedback eða TAB)

6. Í fjögurra mánaða starfsnáms tíma á lyflækningadeild þurfa sérnámslæknar að skila eftirfarandi námsmati :
 - a. 2 MCR eða 2 matsblöð fyrir lækna í sérnámi í heimilislækningum-sjúkrahús.
 - b. 10 MSF/TAB frá mismunandi starfsstéttum
 - c. 3-4 Mini-CEX/CbD (getur farið fram í hermikennslu)

Sérnámslæknar skulu finna tíma með viðeigandi handleiðara/sérfræðilækni fyrir námsmat

7. Sérnámslæknar taka eftir atvikum þátt í:
 - a. Teymisvinnu í bráðum aðstæðum (þverfaglegri hermikennslu)
 - b. Fræðslufundum fyrir námslækna

Viðauki 7

Starfsnámstími sérnámslækna í heimilislækningum á Öldrunarlækningadeild Landspítala

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa að jafnaði fjóra mánuði á öldrunarlækningadeild. Gert er ráð fyrir að starfsnám fari að megin hluta fram á göngudeildum þ.e. almennri göngudeild, minnismóttöku og byltumóttöku en einnig á endurhæfingardeildum, heilabilunareiningu og bráðaöldrunardeildum. Gert er ráð fyrir að sérnámslæknar í heimilislækningum taki vaktir á öldrunarlækningadeild eins og skipulag segir til um (Bundin vakt frá 16-20 virka daga og bakvakt eftir það. Um helgar og rauða daga bundin vakt frá 9-13 og bakvakt eftir það).
2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á öldrunarlækningardeild. Ef þörf krefur er gert er ráð fyrir að mentor úr heilsugæslunni sé boðið á fund/símafund með sérnámslækni og/eða klíniskum handleiðara öldrunarlækningadeildar til að ræða aðlögun og setja sameiginleg markmið. Einnig fundar sérnámslæknir með klíniskum handleiðara sínum um miðbik námsdvalar til að ræða framgang og í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat. Sérnámslæknir hefur frumkvæði að því að skipuleggja fundi með klíniskum handleiðurum. Fundir eru skráðir í rafræna sérnámsmöppu.
3. Kennslustjóri öldrunarlækningar ásamt klíniskum handleiðara ber ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í starfsnámstímainni (í samvinnu við yfirlækni öldrunarlækninga og mentor viðkomandi sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar fær sérnámslæknir umsagnir (MCR) sem varðveittar eru í rafrænni sérnámsmöppu.
4. Námsmat á öldrunarlækningadeild fer að mestu fram með eftirfarandi aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing, greiningu og meðferð.
 - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling eða stjórnar teymis- eða fjölskyldufundi undir beinu eftirliti sérfræðings.
5. Á starfsnámstíma á öldrunarlækningadeild þurfa sérnámslæknar að skila a.m.k. 4 námsmötum (CbD eða Mini-CEX) sem sýna hæfni í eftirfarandi lærdómsmarkmiðum:
 - a. Aldurstengdum breytingum, Jafnvægisferðingu, fallhættu
 - b. Fjölyfjanotkun
 - c. Vitrænni skerðingu



- d. Algengum líkamlegum vandamálum (t.d. þvagleka, hægðatregðu, slappleika, svima, mæði, verkjum)
- e. Óráði (delirium)
- f. Meðferðarmarkmiðum
- g. Almennri færniskerðingu og endurhæfingarúrræðum



Viðauki 8.

Lokaskjal með umsögn um sérnámslækni eftir starfsnáms tíma á Landspítala

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

Dagsetning

Til: _____ kennslustjóra sérnámslækna í heimilislækningum

Umsögn um _____ námslækni.

Kæri kennslustjóri.

_____ byrjaði nám sitt á _____ deildum í _____
og er að ljúka hjá okkur _____. (*Almennur texti um frammistöðu og framgang.*)

Sérnámslæknir hefur lokið ____ mánuðum á okkar deild.

Vistir:

_____ hefur kynnst nokkrum deildum: Auk þess tók sérnámslæknir vaktir eins og aðrir námslæknar í og kynntist þar starfsemi annarra deilda.

Sérnámslæknir fékk úthlutað _____ sem klínískum handleiðara meðan á starfsnáms tímamainni stóð.



Sérnámslæknir vann á eftirfandi deildum:

Deild	Tímabil

Forföll og frí

- Orlof ___ klukkustundir
- Veikindi barns ___ klukkustundir
- Veikindi ___ klukkustundur
- Önnur leyfi ___ klukkustundir
- Áunnið staðarvaktarfrí ___ klukkustundir

Matsblöð

- MCR:
- DOPS:
- Mini-CEX
- Cbd

Mat samstarfsmanna (360 gráðu mat)

- ___ matsblöð
- Tilgreina hvaða fagstéttir standa að baki matsblöðunum
- Almennt fær _____ og lýsa meginatriðum í umsögninni

Niðurstaða:

- _____ stóð sig _____. Sérnámslæknir fær ___ meðmæli....



kennslustjóri sérgreinar

Undirritunarsíða

Samkomulag ÞÍH og LSH um sérnámslækna ...¹⁾
Runólfur Pálsson

Samkomulag ÞÍH og LSH um sérnámslækna ...²⁾
Emil Lárus Sigurðsson

1) Samkomulag ÞÍH og LSH um sérnámslækna í heimilislækningum

2) Samkomulag ÞÍH og LSH um sérnámslækna í heimilislækningum